



## Jafnlaunastefna Háskólans á Hólum

Jafnlaunastefna Háskólans á Hólum nær til alls starfsfólks Háskólans á Hólum. Háskólaráð og rektor bera ábyrgð á jafnlaunastefnunni.

Háskólinn gætir að fyllsta jafnréttis sé gætt við ákvörðun launa og annarra starfskjara. Allir starfsmenn skulu fá greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir jafn verðmæt störf samkvæmt jafnlaunavottunarstaðli. Skilgreining háskólans á launajafnrétti styðst við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

*Í 6. gr. Jafnréttislaga er eftirfarandi skilgreining:*

*Konum, körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt óháð kyni. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismunun. Starfsfólki skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef það kýs að gera svo.*

Til að framfylgja jafnlaunastefnu skuldbindur háskólinn sig til að innleiða jafnlaunakerfi og skjalfesta, viðhalda og bæta reglulega stjórnun þess í samræmi við kröfur staðals um jafnlaunakerfi ÍST 85:2012 og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar. Með jafnlaunakerfinu á að vera tryggt að launaákvörðanir séu byggðar á málefnalegum sjónarmiðum en feli ekki í sér beina eða óbeina kynjamismunun.

Til þess að framfylgja jafnlaunastefnunni skuldbindur háskólinn sig til að:

Innleiða, skjalfesta og viðhalda vottuðu jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðlsins ÍST 85:2012 og öðlast vottun í samræmi við lög nr. 56/2017 um jafnlaunavottun.

Staðla verklag við launaákvörðanir með viðeigandi verklagsreglum og leiðbeiningum sem komi í veg fyrir beina eða óbeina mismunun.

Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem jafn verðmæt störf eru borin saman til að tryggja að kynbundinn launamunur sé ekki til staðar. Niðurstöður launagreiningar skulu kynntar fyrir starfsfólki.

Hafa eftirlit með og bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugu eftirliti og umbótum þar sem þess er þörf.

Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Gera innri úttekt og rýna jafnlaunakerfið og árangur þess með stjórnendum árlega.

Kynna stefnuna fyrir starfsmönnum háskólans og birta hana á ytri vef.

Jafnlaunastefnan er og mun alltaf verða órjúfanlegur hluti af starfsmannastefnu Háskólans á Hólum.

Samþykkt á fundi háskólaráðs 28. júní, 2021.